

Reglur

um þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins Dalabyggðar

1. gr.

Sveitarstjórnarmenn sem og aðrir kjörnir fulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélagsins fá greidda þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn skv. þessum reglum.

Greitt er fyrir setu á formlegum fundum sveitarstjórnar og nefnda þar sem færð er fundargerð sem tekin er til afgreiðslu sveitarstjórnar.

2. gr.

Grunnlaun.

Greiðslur taka mið af launaflokki 122, þrep 4 (6%) í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stéttarfélagsins Kjarar eins og hann er á hverjum tíma.

Almennur sveitarstjórnarmaður fær 26% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 6% fyrir hvern setinn fund.

Fulltrúi í byggðarráði fær 36% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 6% fyrir hvern setinn fund.

Oddviti fær 36% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 6% fyrir hvern setinn fund.

Formaður byggðarráðs fær 41% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 6% fyrir hvern setinn fund.

Í þóknun fulltrúa byggðarráðs, oddvita og formanna byggðarráðs er innifalin þóknun almenns sveitarstjórnarmanns.

Nefndarmaður fær 6% fyrir hvern setinn fund.

Formaður nefndar þar sem ekki er starfsmaður til aðstoðar fær 10% fyrir hvern fund.

Fulltrúi sem situr fundi og ráðstefnur utan sveitarfélags fær 10% fyrir hvern fund. Sveitarstjórnarmaður ber sjálfur ábyrgð á að koma upplýsingum um fundi og akstur til launafulltrúa.

3. gr.

Ferða- og dvalarkostnaður.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá aksturskostnað greiddan þegar um er að ræða akstur fundi sveitarstjórnar og nefnda eða akstur á fundi eða ráðstefnur utan sveitar. Greiðslur taka mið af akstursgjaldi ríkisstarfsmanna eins og það er á hverjum tíma.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá dvalar- og upphaldskostnað greiddan ef hann situr fundi og ráðstefnur utan sveitarfélags. Greiðslur taka mið af fram lögðum reikningum sem sveitarstjórnarmaður ber sjálfur ábyrgð á að koma til launafulltrúa. Þetta gildir ekki í þeim tilfellum þegar reikningar eru sendir til sveitarfélagsins af fundarhaldara/gististað.

4. gr.

Laun í orlofi, lífeyrisréttindi og tryggingar.

Sveitarstjórnarmenn fá greidd mánaðarlaun skv. 2. gr meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

Dalabyggð heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð að launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga nema óskað sé eftir því að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Sveitarstjórnarmenn eru tryggðir gegn slysum í starfi með sama hætti og starfsmenn Dalabyggðar.

5. gr.

Greiðslur.

Sveitarstjórnarmenn og nefndarmenn fá greitt mánaðalega. Fundarseta er greidd skv. fundargerðum sem sveitarstjórn hefur staðfest.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar skv. 25. gr. Samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar og eru í samræmi við fyrri samþykktir sveitarstjórnar um þóknun sveitarstjórnarmanna.

Reglurnar voru staðfestar á fundi sveitarstjórnar 5. apríl 2022 og taka gildi frá og með 1. júní 2022.